

Reykjavík, 13. júlí 2004

**Efni: Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, 1012. mál.**

BSRB hefur almennt verið því fylgjandi að boðað sé til þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál sem varða þjóðarhag og má í því sambandi minna á baráttu samtakanna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um EES samninginn árið 1992. Þá réðst BSRB í upplýsinga- og auglýsingaherferð undir kjörorðinu *hlustum á rödd þjóðarinnar*. Engin breyting hefur orðið á afstöðu BSRB hvað þennan lýðræðislega þátt varðar: BSRB vill að réttur þjóðarinnar sé virtur og að hlustað sé á rödd hennar. Í aðdraganda EES samningsins voru færð fram margvísleg rök fyrir ágæti þjóðaratkvæðagreiðslu og standa þau enn.

Eins og fram hefur komið hefur BSRB ekki tekið efnislega afstöðu til svokallaðs fjölmiðlafrumvarps. Í þessu frumvarpi er hins vegar eingöngu kveðið á um hvernig staðið skuli að þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Innan verkalyðshreyfingarinnar og félagasamtaka almennt er einfaldur meirihluti hið viðtekna form við atkvæðagreiðslur nema í undantekningartilvikum þar sem sérstaklega er kveðið á um annað. Í 26. grein stjórnarskrárinnar er ekki að finna nein takmarkandi ákvæði hvað þetta varðar. Þetta frumvarp er í samræmi við þessi sjónarmið.

**BSRB leggur áherslu á að farið sé að stjórnarskrá Íslands og henni sýnd sú virðing sem henni ber. Annað er lýðræðinu hættulegt.**

f.h. BSRB

  
Svanhildur Halldórsdóttir